

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 1989

Nr. 77

180

2. mars 1989

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á Flákanum.

1. gr.

Frá og með 4. mars 1989 til og með 4. apríl 1989 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði í Breiðafirði sem afmarkast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°28'15" N 24°49'24" V
2. 65°21'37" N 24°27'50" V
3. 65°11'28" N 23°46'05" V
4. 65°06'00" N 24°23'00" V
5. 65°14'40" N 24°57'00" V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.

Nr. 78

2. mars 1989

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum við Vestmannaeyjar.

1. gr.

Frá kl. 22:00 3. mars 1989 eru allar tog- og dragnótaveiðar bannaðar á svæði við Vestmannaeyjar sem markast af línu sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 63°24'00" N 20°17'30" V
2. 63°24'00" N 20°22'00" V
3. 63°27'30" N 20°36'30" V
4. 63°35'36" N 20°34'24" V
5. 63°28'36" N 20°14'12" V
6. 63°27'18" N 20°14'36" V